

markglöggur maður, annar en eigandi, athuga mark á hverri kind. Allt mark- aðsfé skal, um leið og það er keypt, merkja glöggu og haldgóðu rekstrarmerki, og sé hver markaðskind merkt tveimur litum, til aðgreiningar frá heimamerktu fé bænda, annar liturinn sé jafnan rauður. Ákvæði þessarar greinar ná einnig til allra þeirra, sem reka fé út úr héraðinu til slátrunar, þótt þeir hafi ekki keypt það af öðrum.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi 15. júní 1934.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. júní 1934.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiði í landhelgi fyrir Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu.

51
5. júní

Samkvæmt 8. gr. laga númer 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur (Snurrevaad), til fiskveiða í landhelgi innan línu frá Stapatá austan Viðvíkur í Fossdal í Gunnólfsvíkurfjalli á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember ár hvert.

Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota. Þó skal eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja á bannsvæðinu, heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar þeim sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. september 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. júní 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.